

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitur í Kaldrananeshreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps innheimtir gjald fyrir fráveitu í Kaldrananeshreppi og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari og samþykkt um fráveitur og rotþrær í Kaldrananeshreppi, sem samþykkt var í sveitarstjórn Kaldrananeshrepps 30. desember 2023.

#### 2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

Fyrir einbýlishús og parhús/raðhús	kr. 147.400	á hvert hús eða íbúð í parhúsi/raðhúsi
Fyrir fjölbýlishús	kr. 85.000	á hverja íbúð
Fyrir annað húsnæði	kr. 159	á hvern m <sup>3</sup> í húsnæðinu að 4.000 m <sup>3</sup>
	kr. 79	á hvern m <sup>3</sup> > 4.000 m <sup>3</sup>

Ef um tvöfalt frárennislakerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

#### 3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum. Fráveitugjald skal nema 0,22% af álagningarstofni þó aldrei lægra en kr. 20.600 né herra en kr. 31.000. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

#### 4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi árlega:

<i>Stærð í lítrum</i>	<i>Rotþróargjald í kr.</i>
Rotþró < 4.000	20.400
Rotþró 4.001-6.000	25.000
Rotþró 6.001-8.000	29.500
Rotþró 8.001-10.000	39.700
Rotþró > 10.000	3.400 pr. umframrúmmetra

Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra.  
Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 3.300.

#### 5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Kaldrananeshrepps 30. desember 2023 og staðfestist hér með samkvæmt II. kafla laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og 25. gr. laga um hollustuhætti- og mengunarvarnir nr. 7/1998 til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1752/2022.

*Drangnesi, 30. desember 2023.*

F.h. Kaldrananeshrepps,

**Finnur Ólafsson** oddviti.